

# Bekkjaráætlun 5.- 6. bekkjar

Skólaárið 2009 - 2010

Bekkjaráætlunir eru gerðar fyrir alla bekki skólans og taka þær mið af skólanámskrá. Skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla byggist á þrepaskiptingu námsgreina. Með þrepaskiptri námskrá er átt við að nemendum með ólíkar námsþarfir og getu sé kennt í hópi og hafi sameiginlegt viðfangsefni og heildarmarkmið en að einstaklingarnir innan hópsins séu með mismunandi verkefni og undirmarkmið.

## Starfsmenn bekkjarins og viðtalstímar:

Sjá: [http://www.oskjuhlidarskoli.is/2\\_starfsf.html](http://www.oskjuhlidarskoli.is/2_starfsf.html)

## Starfsmenn bekkjarins:

- Arianne Gaewiller, sérkennari
- Elínros Eiríksdóttir, kennari
- Eiríkur Sigmarsson, stuðningsfulltrúi
- Eiríkur Örn Þorsteinsson, stuðningsfulltrúi
- Ingunn Þorvaldsdóttir, stuðningsfulltrúi
- Jón Þórður Baldvinsson, þroskaþjálfari
- Jórunn Kristinsdóttir, sérkennari

## Sérgreinakennarar:

- Auður Ásgeirsdóttir, heimilisfræði
- Ásta Ísberg: íþróttir stúlkna, hreyfiþjálfun og sund
- Baldur Þorsteinsson: íþróttir drengja
- Birgir Þór Baldvinsson: tölvur
- Finna Birna Steinsson: textílmennt
- Elsa Guðmundsdóttir: myndmennt
- Erna Líndal Kjartansdóttir: skynörvun
- Gerður Leifsdóttir: hönnun og smíði
- Kristín Rós Hákonardóttir: bókasafn
- Ólafur B. Ólafsson: tónmennt

## Almennt um bekkjarstarfið

Í 5. – 6. bekk eru 6 nemendur fæddir 1998 og 1999. Bekknum er skipt í smærri einingar í daglegri vinnu. Í hinum hefðbundnu kennslugreinum fer fram bæði hópkennsla og einstaklingskennsla. Margvísleg vinnubrögð, áherslur og aðkoma að námsefni eru í gangi eftir þörfum og getu hvers nemanda eins og við verður komið. Þar sem 6. bekkur er kominn á unglingastig hefur sú breyting orðið á að ekki er lengur um sama samstarf við hann að ræða og var síðastliðinn vetur.

Tekið er á móti nemendum í bekkjarstofu kl. 8:10. Fjöldi kennslustunda er 29. Morgunsöngur er annan hvern miðvikudagsmorgun. Í vetur er föstudagurinn langur dagur, honum lýkur kl. 14:10. Fréttabréf um bekkjarstarfið er sent heim í lok hvers mánaðar.

Foreldraviðtöl eru boðuð þrisvar sinnum á skólaárinu, einu sinni að hausti, í byrjun nýs árs og að vori (sjá skóladagtal), auk þess er boðað til sérstaks fundar ef ástæða þykir til.

# Samfélagsfræði

## Tímatal

### Markmið

Að nemandinn:

- þekki heiti mánaðanna
- þekki heiti vikudaganna
- viti ártalið hverju sinni
- kannist örugglega við hugtök s.s. jól, páskar, þorrablót, helgi, frídagur og afmælisdagur
- kannist við heiti árstíðanna
- kynnist heila tímanum á klukkunni

### Leiðir

- daglega unnið með líðandi stund í samverustund
- unnið með viðeigandi verkefni hverju sinni
- sögur, söngvar o.fl.

### Námsefni

- samverustund
- verkefnavinna
- fjölnotatafla
- klukka

## Vatn

### Markmið

Að nemandinn:

- kynnist að vatn er til í ýmsu formi
- kynnist hvernig vatn breytist við mismundandi hitastig

### Leiðir

Nemendur fylgjast með:

- og taka þátt í tilraunum
- hvernig snjór bráðnar
- hvernig vatn breytist við frystingu
- hvernig vatn er soðið
- uppgufun vatns á sjónrænan hátt

### Námsefni

- tilraunabækur

### Námsmat

Símat

## **Sveit og borg**

### **Markmið**

Að nemandinn:

- verði sér meðvitaður um andstæðurnar sveit og borg

### **Leiðir**

- samræður um fá hús í sveit og mörg hús í borg
- vangaveltur um hvaða dýr tilheyra sveitinni og hvaða dýr sjáum við í borginni
- samræður um mismunandi aðstæður í sveit og borg
- skoða og lesa bækurnar: Komdu í leit um bæ og sveit og Blómin á þakinu

### **Námsefni**

- kennslubókin Komdu í leit um bæ og sveit 1 og 2
- sögubókin Blómin á þakinu
- fjölnotatafla
- myndbönd og DVD diskar

### **Námsmat**

Símat

## **Umferðarfræðsla**

### **Markmið**

Að nemandinn sé meðvitaður um að:

- við göngum á gangstéttinni en ekki út á götu
- við stönsum við gangstéttarbrún og horfum til vinstri, hægri, vinstri
- við notum gangbraut
- við förum yfir götu við umferðarljós þegar græni karlinn kemur
- við leikum okkur ekki á götunni

### **Leiðir**

- samræður
- efni á tölvutæku formi og myndbönd
- að fara yfir götu, handstýrð umferðarljós o. fl.

### **Námsgögn**

- samræður
- tölvuforrit, fjölnotatafla og myndbönd
- vettvangsferðir

### **Námsmat**

Símat

## **Blóm**

### **Markmið**

Að nemandinn:

- verði meðvitaðri um muninn á hvað er blóm, tré og gras
- fræðist um að í náttúrunni er sumt lifandi en annað dautt, samanber blóm og steinn

### **Leiðir**

- nemendur gróðursetja blóm
- setja ávaxtasteina í mold
- skoða blóm, tré og gras
- safna blómum og grasi til að þurrka
- flokka hvað er lifandi og hvað er dautt

### **Námsgögn**

- náttúran
- útikennsla í stærðfræði

### **Námsmat**

Símat

## **Hollusta og mannsiðir**

### **Markmið**

Að nemandinn:

- þekki nafn sitt, aldur og afmælistánuð
- kannist við heimilisfang, bekk og skóla
- verði sér meðvitaðri um góða borðsiði
- fræðist um að til er hollur og óhollur matur

### **Leiðir**

- nemendur þjálfist í að kynna sig og segja á sér deili
- nemendur hvattir eftir fremsta megni til að sækja matinn sjálf, borða rólega og snyrtilega, tryggja vel, nota gaffal til að stinga í, rétta hvert öðru, ganga frá mataráhöldum eftir sig og þurrka af borði
- unnið með í samverustund og á matmálstímum

### **Námsefni**

- samverustund
- matmálstímar
- fjölnotatafla
- myndbönd
- verkefni

### **Námsmat**

Símat

## Lífsleikni

Viðfangsefni vetrarins verður að efla tilfinningaþroska, bæta framkomu og samskiptahæfni nemenda og að þeir æfi sig í að sýna tillitssemi.

### Markmið

Að nemandinn:

- verði meðvitaður um að við verðum stundum glöð, reið, leið, hrædd og hissa
- kynnist hugtökunum glaður, reiður, leiður, hræddur og hissa
- átti sig á að hægt er að vera lítið eða mikið glöð, leið o.s.frv.
- verði meðvitaður um að það að vera vinur hefur ákveðna merkingu

### Leiðir

- unnið með tilfinningahugtökin á myndrænan hátt og í orðum með Cat kassa og lífsleikniefninu Stig af stigi
- samræður um hverjir eru vinir, hvað vinir gera saman og hvernig við komum fram við vini okkar o.s.frv.
- verkefnavinna

### Námsefni:

- Cat kassinn
- Stig af stigi
- ýmsar bækur
- myndbönd / DVD diskur
- verkefni

### Námsmat

Hegðun og samskipti metin reglulega

## Kynfræðsla

### Markmið

Að nemandinn:

- geri greinamun á sér sem börnum og svo fullorðnum - bæði hvað varðar útlit, klæðnað og hegðun
- læri orð eins og píka, tippi, pungur, rass og brjóst
- þekki sín einkasvæði og byrji að verða sér meðvitaður um að hann ráði yfir þeim
- girði ekki niður um sig á almannafæri og loki að sér þegar farið er á klósett
- kynnist hugtökunum: einkamál, einkasvæði og “á almanna færi”

### Kennsluhugmyndir

- skoða og klippa út myndir af börnum og fullorðnum
- líma myndir af börnum í “barna dálkinn” og fullorðnum í “fullorðins dálkinn”
- spil með myndum af börnum og fullorðnum á hvolfi – nemandinn dregur spil og segir hvort myndin sé af barni eða fullorðinni manneskju og rökstyður svarið (af hverju?)
- teikning af líkamanum – nemandinn merkir með lit einkasvæði líkamans
- samræður um hvað er einkamál (t.d. klósettferðir) og hvar er almannafæri
- samræður um hvenær þau eru t.d. glöð, leið, reið, hrædd eða hissa

- skoða myndir sem sýna mismunandi tilfinningar
- æfa sig að sýna hinar ýmsu tilfinningar, t.d. með því að horfa á sig í spegli og hvert á annað
- CAT kassinn
- kennsluefni í kynfræðslukassa

## Námsmat

Símat

## Bókasafn

**Kennari:** Kristín Rós Hákonardóttir

Í bekknum eru 6 nemendur. Þeim er skipt niður í tvo hópa og hver hópur fær einn tíma á viku á bókasafninu.

### Ársmarkmið:

Að nemendur

- kynnist því að vera á bókasafni.
- læri að skoða og umgangast bækur á safninu og gangi frá þeim aftur í hillur.
- læri að virða og fara eftir reglum sem gilda á safninu. Ganga vel um bókasafnið.
- fái hvatningu til að skoða bækur.

### Námsefni

Bækur safnsins.

Verkefni frá kennara.

### Kennsluhættir

Það verða lesnar sögur fyrir nemendur. Eftir lesturinn verða verkefni unnin og síðan er frjáls tími og þá mega nemendur skoða bækur eða lita og teikna.

### Leiðir

Munnleg fyrirmæli og handstýring.

### Námsmat

Með símati, skráningu og tékklistum er fylgst með námsframförum hvers nemenda yfir veturinn.

# Heimilisfræði

**Kennari:** Auður Ásgeirsdóttir

Í bekknum eru 6 nemendur sem koma í heimilisfræði 2 tíma aðra hverja viku, allan veturinn.

## Áfangamarkmið:

- Að nemendur kynnist skólaeldhúsinu og hvaða reglur gilda þar inni.
- Að nemendur viti að góð næring er undirstaða góðrar heilsu.
- Að nemendur geti farið eftir myndrænum og/eða einföldum skrifuðum leiðbeiningum.
- Að nemendur geti notað einföld mælitæki.
- Að nemendur hafi fengið þjálfun í að vinna að léttum matreiðsluverkefnum.
- Að nemendur geti tekið þátt í að ganga frá að verki loknu.
- Að nemendur að nemendur hafi tileinkað sér persónulegt hreinlæti.

## Þrepamarkmið

Að nemendur:

- þekki að til eru hollar og óhollar fæðutegundir.
- kynnist því hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar.
- læri að lesa einfaldar og/eða myndrænar uppskriftir, byrja fremst og vinna verkefnið í réttri röð.
- temji sér að þvo hendur áður en starf hefst í eldhúsi.
- venjist því að setja upp svuntu, bretta upp ermar og binda um sítt hár áður en hafist er handa við matreiðslu.
- þekki dl. mál og matskeið og kynnist einföldum áhöldum.
- fái verklega þjálfun í samvinnu við kennara.
- læri að brytja ávexti og grænmeti með hnífi.
- geti smurt brauð og skorið álegg.
- læri að leggja á borð.
- læri að þvo upp og ganga frá áhöldum, einnig að setja í uppþvottavél.
- læri að þvo vinnuborð sitt og skola úr og vinda borðklútinn.
- læri að setjast að sameiginlegu borðhaldi, hella í glasið sitt, skammta sér hæfilega mikið á diskinn og temji sér kurteisi.

## Verkefni

Í flestum tímum eru sömu verkefni lögð fyrir nemendur bekkjarins og þeir hvattir til að vinna sjálfstætt, en nemendur fá mismikla aðstoð eftir færni og getu. Reynt er að hafa einföld verkefni sem þeir nemendur bekkjarins sem þurfa mikla aðstoð, geta unnið nokkuð sjálfstætt og sömu verkefni verða unnin oftast en einu sinni yfir árið. Í stöku tíma fá nemendur misjöfn verkefni sem henta getu hvers og eins.

Það sem nemendur matreiða er m.a.: Ávaxtasalat, súrmjólk með ávöxtum, baka brauð, smyrja brauðo.fl. ...

## Leiðir

Skriflegar og myndrænar uppskriftir, munnleg fyrirmæli, sýnikennsla og handstýring.

## Námsmat

Með símati er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn og kennari skráir hvernig tíminn gekk eftir hvern tíma.

# Íþróttir og sund

Kennarar: Ásta Ísberg og Baldur Þorsteinsson

Meginmarkmið skólaíþróttar er að örva skyn og hreyfifroska hvers nemenda, þrek hans og afkastagetu og stuðla að heilbrigði einstaklingsins. Auk þess að vekja áhuga hjá nemendum á reglubundinni hreyfingu.

Í þessum aldurshópi, 5.-7. bekk eru nemendur yfirleitt móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi og því er lögð áhersla á að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaáranna þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun er meginmarkmið kennslunnar og byrja að kenna þeim undirstöðuatriði helstu íþróttagreina.

## **Færni- og vefmarkmið:**

- Bæta líkamshreysti
- Bæta líkamsreisn
- Örva grófhreyfingar nemenda og þroska taugakerfið
- Þjálfar grófhreyfingar s.s. skríða, ganga, hlaupa, klifra
- Bæta líkamlegan styrk
- Auka jafnvægi
- Efla úthald og þol
- Auka samhæfingu
- Þjálfar boltameðferð
- Kynna sem flestar íþróttir fyrir nemendum skólans

## **Félagsleg vefmarkmið:**

### Efla áhuga á íþróttum

- Efla sjálfsöryggi hjá nemendum
- Efla þor nemenda til að æfa sig með öðrum börnum
- Að nemendur upplifi jákvæða mynd af sér í æfingum og leik
- Að nemendur öðlist þekkingu á eigin líkamlegri getu við ýmis konar æfingar og leik
- Að örva nemendur til áframhaldandi dáða í sínu nánasta umhverfi.

## **Einstaklingsáætlanir:**

Til að koma til móts við alla nemendur með sérþarfir og sérstaklega þá sem eiga erfitt með að fylgja hópanámskrá skólans í íþróttum sem er miðuð við börn með sérþarfir, setjum við upp einstaklingsáætlanir þar sem æfingar eru valdar með tilliti til hvers nemenda.

Æfingarnar eru settar fram myndrænt í æfingabók

## Námsáætlun

Ágúst/Sept	Útivera/gönguferðir/ Leikir	Leikjadagur	Norræna skólahlaupið
Október	Athafnabraut <ul style="list-style-type: none"> <li>• Styrkur</li> <li>• Jafnvægi</li> </ul>		
Nóvember	Stöðvaþjálfun <ul style="list-style-type: none"> <li>• Styrkur</li> <li>• Teygjur</li> </ul>		
Desember	Boccia	Hokký	Shuffelboard
Janúar	Boltaíþróttir/Stöðvar <ul style="list-style-type: none"> <li>• Kasta</li> <li>• Gríðpa</li> <li>• Sparka</li> <li>• Miða</li> </ul>	Boltaleikir <ul style="list-style-type: none"> <li>• Brennó</li> <li>• Bolti undir línu</li> <li>• Handboltaleikur</li> </ul>	Sleðaferð Skautuferð
Febrúar	Fimleikar <ul style="list-style-type: none"> <li>• Styrkur</li> <li>• Liðleiki</li> <li>• Jafnvægi</li> <li>• Samhæfing</li> </ul>		
Mars	Fitness <ul style="list-style-type: none"> <li>• Styrkur</li> <li>• Úthald</li> <li>• Jafnvægi</li> <li>• Snerpa</li> </ul>	Skólakeppni í frjálsum íþróttum	
Apríl	Frjálsar íþróttir <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hlaup</li> <li>• Köst</li> <li>• Hástökk</li> <li>• Langstökk</li> </ul>	Skólakeppni í frjálsum íþróttum	
Maí/Júní	Útiþróttir	Leikir	Ratleikur Esjuganga Íþróttahátíð

### Útivist, útiþróttir og ganga:

Útivist í íþróttakennslu er mikilvægur þáttur. Nauðsynlegt er að opna augu nemenda fyrir næsta umhverfi og þeim möguleikum sem náttúran og umhverfið hefur upp á að bjóða í sambandi við að geta stundað líkams- og heilsurækt óháð íþróttaaðstöðu innanhúss. Með skólahlaupum er leitast við að hvetja nemendur að æfa hlaup og auka við hreyfingu sína. Keppt er að því fyrst og fremst að allir, verði með í hlaupinu.

### **Markmið**

#### **Að nemendur:**

- taki þátt í gönguferðum
- taki þátt í Norræna skólahlaupinu
- taki þátt í vorhlaupinu
- taki þátt í ratleikjum á skólalóðinni eða í nágrenni skólans.

### **Leikir:**

Leikurinn er oft talin uppspretta náms bæði hjá börnum og unglingum. Leikir eru vel til þess fallnir að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Leikir gera þær kröfur til nemenda að þeir temji sér aga og tillitssemi auk þess sem þeir læra að vinna með öðrum og hvetja félagana til dáða. Að kunna að taka sigri og ósigri í keppni eða leik er mikilvægt atriði sem hver nemandi þarf að læra.

### **Markmið**

#### **Að nemendur:**

- taki þátt í leikjum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa
- þjálfist í leikjum sem efla, snertingu, eftirvæntingu, jákvæða upplifun
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf
- taki þátt í leikjum sem efla hraða og viðbragð

### **Stöðvabjálfun:**

### **Markmið**

#### **Að nemendur:**

- taki þátt í æfingum og leikjum í formi stöðvabjálfunar
- þjálfist í æfingum sem efla kraft
- þjálfist í æfingum sem efla þol
- þjálfist í æfingum sem efla jafnvægi
- þjálfist í æfingum sem efla samhæfingu

### **Grunnbættir í boltaíþróttum:**

### **Markmið**

#### **Að nemendur:**

- þjálfist í undirstöðuatriðum boltafærni, kasta, grípa, sparka, hittni
- þjálfist í leikrænum æfingum og leikæfingum helstu boltagreina

### **Grunnbættir í frjálsum íþróttum:**

### **Markmið**

#### **Að nemendur:**

- þjálfist í undirstöðuatriðum í frjálsum íþróttum, viðbragð, hlaup, stökk, köst

### **Grunnbættir í hokký og boccia:**

### **Markmið**

#### **Að nemendur:**

- þjálfist í undirstöðuatriðum í hokký og boccia

### **Grunnbættir í fitness:**

Fitness byggir upp styrk, snerpu og úthald.

### **Markmið**

#### **Að nemendur:**

- efli hreyfiþroska
- auki úthald
- auki líkamsstyrk

### **Grunnbættir í fimleikum:**

Fimleikar er góð þjálfun fyrir allann líkamann og bætir líkamsstöðu. Fimleikar byggja á styrk, snerpu og liðleika og gerir nemendur hæfari í samhæfingu grófhreyfingar.

## **Markmið**

### **Að nemendur:**

- þjálfist í grófhreyfingum
- þjálfist í að setja saman mismunandi grófhreyfingar
- þjálfist í undirstöðuæfingum í fimleikum

### **Teygjur:**

Teygjur eru mikilvægar til að viðhalda eðlilegri hreyfigetu líkamans og kemur í veg fyrir styttingar í vöðvum og sinum kringum liðamót sem hamlað getur hreyfingu.

## **Markmið**

### **Að nemendur:**

- þjálfist í æfingum sem auka liðleika

## **Námsmat**

Stuðst er við símat í íþróttakennslunni. Við uppbyggingu og framsetningu námsmatsins er tekið tillit til þeirra markmiða sem eru sett fyrir viðfangsefni hvers mánaðar og þau metin í lok hvers tímabils og þannig fengið fram líkamleg afkastageta, líkamleg færni og ekki síst framlag og virkni hvers nemenda í kennslustundum. Tekið er hreyfipróf hjá þeim nemendum sem eru í hreyfiþjálfun úr 1.-5. bekk .

## **Hreyfiþjálfun**

Boðið er upp á hreyfiþjálfun fyrir þá nemendur sem þurfa að styrkja hreyfifærni sína. Nemendum sem er boðið upp á hreyfiþjálfun, mæta 1x í viku, sem er viðbót við venjubundinn íþóttatíma.

## **Myndmennt**

**Kennari:** Elsa Guðmundsdóttir

### **Meginmarkmið samkvæmt skólanámskrá Öskjuhlíðarskóla:**

Að hugmyndaflug, sköpunarhæfileikar, sjálfstraust og sjálfstæði nemenda eflist.

Að athyglisgáfa nemenda örvist, svo að þeir verði sem best læsir á umhverfi sitt og skynji og skilji boðskap þess myndmáls, sem daglega ber fyrir augu.

Að fínhreyfingar nemenda styrkist, frumkvæði þeirra og hagkvæm vinnubrögð eflist, svo að þeir verði sem mest sjálfbjarga í verki.

Í þessum bekk er mikil áhersla lögð á frjálssa myndsköpun og mikið er málað með þekjulitum, þjálfað rétt grip og nemendur æfðir í að nota einn pensil í hvern lit.

Þrykkt er með svampi, korktöppum, kartöflum, o.fl.

Nemendur eru þjálfaðir í að þekkja helstu liti og flokka þá, og unnið er með einföldustu gerð forms: hringinn. Einnig eru þeir nemendur, sem tilbúnir eru til, þjálfaðir í að þekkja eða gera önnur grunnform, svo sem ferhyrning og þríhyrning.

Unnin eru verkefni, sem þjálfá tilfinningu fyrir mannlíkamanum og líkamsskynjun.

Einnig eru unnin verkefni, sem tengjast náttúrunni, veðri, árstíðum, o.fl.

Nemendur vinna líka með öðrum aðferðum, svo sem að teikna og lita, rífa, krumpa og líma og þjálfuð er beiting skæra í einföldum klippiverkefnum.

Notaður er leir, bæði æft að rúlla og hnoða.

Unnin eru fönðurverkefni, þar sem notað er ýmis konar verðlítið efni

Í þessum bekk eru verkefni mjög einföld, lögð áhersla á að nemendur læri að vinna afmarkað verkefni, þ.e. að skynja upphaf og endi ákveðins verks.  
Samþætting við aðrar námsgreinar eða námsþætti verður viðhöfð, ef tilefni þykir til.

**Námsmat:** Með símati er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn.

## **Hönnun og smíði**

**Kennari: Gerður Leifsdóttir.**

Í bekknum eru 6 nemendur, þeim er skipt í tvo hópa sem fá einn tíma á viku í **hönnun og smíði** allan veturinn.

**Ársmarkmið** samkvæmt skólanámsskrá Öskjuhlíðarskóla í hönnun og smíði eru m.a.  
Að hugmyndaflug, sköpunarhæfileikar, sjálfstraust og sjálfstæði nemendanna eflist.  
Að fínhreyfingar nemendanna styrkist.  
Að nemendur kunni hugtök og heiti þess sem þau vinna með hverju sinni í smíðastofu.

### **Annarmarkmið:**

Að nemendur geti unnið sjálfstætt með einföld handverkfæri, s.s. slípkubb, hamar, handbor og skrúfjárn.  
Að nemendur taki þátt í hönnun á sínu verkefni

### **Verkefni:**

Leitast er við að hafa sama verkefnið fyrir nemendur, en útfærsla á verkefni getur verið mismunandi eftir getu hvers og eins.  
Unnið úr ferskum við smáhlutir og skúlptúrar úr blönduðum efnivið.

**Leiðir :** Myndstýring, handstýring, munnleg fyrirmæli, sýnikennsla.

**Námsmat :** Með skráningu er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn.

# Textílmenn

**Kennari:** Finna Birna Steinsson

Í bekknum eru 6 nemendur sem skipt er í tvo hópa.

## **Annarmarkmið:**

Að nemendur:

- þjálfist í að beita einföldustu áhöldum greinarinnar, svo sem skærum, nálum og títuprjónum.
- þræði grófa nál.
- saumi eftir merktri línu - þræðispor - leggsaum og aftursting.
- næli saman efni og saumi það saman í saumavél.
- kynnist mismunandi efnum.

## **Ársmarkmið:**

Í framhaldi af markmiðunum hér að ofan verður á vormissierinu leitast við að efla úthald og einbeitingu við þessa verkþætti.

## **Verkefni:**

Leitast er við að hafa sama viðfangsefnið fyrir nemendur, en verkefni einstakra nemenda og lítilla hópa geta verið mismunandi að þyngd og umfangi. Verkefni: Nemendur klippa út form og líma, stagla mynd í grófan stramma og festa skinnur og perlur í strammann; festa tölur í efni og búa til stafi úr þeim; þæfa ull. Þræðispor og vafspor í stramma eftir línu (dúkur eða púði).

## **Leiðir:**

Munnleg fyrirmæli, fyrirmyndir, sýnikennsla og handstýring.

## **Námsmat:**

Með símati er fylgst með námsframförum hvers nemanda yfir veturinn. Skráning um virkni og úthald eftir hvern tíma. Samantekt um hvern nemanda skráð í lok skólaárs.

# Tónmennt

Kennari: Ólafur B. Ólafsson

## Helstu viðfangsefni:

**Söngur:** Rifjuð upp sönglög frá fyrra ári. Ný sönglög tekin fyrir og leitast við að láta börnin taka þátt í söngnum með hvatningu og mikilli táknaðsnotkun. Textar líka útskýrðir og kenndir með textamyndum.

## Ásláttarhljóðfæri og trommuæfingar

*Unnið með ásláttarhljóðfæri frá fyrra ári. Bætt við nýjum ásláttarhljóðfærum eftir því sem kennari telur heppilegt. Trommusettt kynnt.*

**Leikhús og leikbrúður.** Nemendur fara reglulega í lítið leikhús sem er í kennslustofu og tjá sig þar í leik, söng og álsætti. .

**Dansar.** Algengustu barnahringdansar teknir fyrir svo og jóladansar.

**Að hlusta og horfa.** Hljómdiskar, tölva og myndband notað af og til.

**Sambætting.** Tónmenntarkennari er ávallt opinn fyrir sambættingu við aðrar bekkjardeildir. Hann býður yngri deildum upp á sameiginlegan tíma til að fara í gegn um jóladansa.

**Hátíðisdagar og ýmsar uppákomur.** Eins og hjá öðrum bekkjardeildum er tónlistin allmikið notuð á hátíðisdögum og t.d þegar safnast er saman vegna jólahalds eða annar viðburða.

Nemendur hafa þroskast vel frá því í fyrra og þrepaskiptingin sem viðhöfð var í kennslunni þá óþörf. Í samráði við bekkjarkennara fer því kennslan yfirleitt fram með hefðbundinni uppröðun þ.e.a.s stólar hafðir við gegnt kítartöflu. Tilfærslur eiga sér þó stað í tengslum við dansa, leikhús, tölva og hlustun.

**Námsmat:** Símat.